

**Nd.** **139. Frumvarp til laga** **[71. mál]**  
um ábyrgðir á skuldum við skuldaskil útgerðarmanna 1951.

Frá sjávarútvegsnefnd.

**1. gr.**

26. gr. laga nr. 120 frá 28. des. 1950 fellur niður.

**2. gr.**

Skuldir, sem samið var um að gefa eftir við skuldaskil, samkvæmt II. kafla laga nr. 120 frá 28. des. 1950, má ekki innheimta hjá ábyrgðarmönnum, nema þeir við skuldaskilin hafi tekið að sér að greiða þær.

**3. gr.**

Skuldir, sem samið var um við skuldaskil að gefa eftir, en hafa verið greiddar, svo og vexti, sem greiddir hafa verið af slíkum skuldum, má endurkrefja, nema ábyrgðarmenn hafi tekið að sér greiðslu samkvæmt 2. gr.

**4. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Greinargerð.**

Frumvarp þetta er flutt að beiðni sjávarútvegsmálaráðuneytisins. Nefndarmenn hafa óbundnar hendur um breytingartillögur. Frumvarpinu fylgdi svo hljóðandi greinargerð:

Samkvæmt II. kafla laga nr. 120 frá 28. des. 1950 var stofnaður skuldaskilasjóður útgerðarmanna í sambandi við fiskveiðasjóð Íslands. Í júní og júlí 1951 var samþykkt á fundum skuldheimtumanna 121 frumvarp til skuldaskila. Samkvæmt þessum frumvörpum skyldu skuldheimtumenn gefa útgerðarmönnum og útgerðarfyrirtækjum eftir kr. 48 302 876.78, þar af skyldi Landsbanki Íslands gefa eftir kr. 5 289 159.19 og Útvegsbanki Íslands h/f kr. 3 632 169.06.

Í 26. gr. áðurnefndra laga er svo ákveðið, að skuldaskiliasamningur haggi ekki heimild lánardrottins til að ganga að tryggingu eða ábyrgð, sem þriðji maður hafði sett fyrir kröfum á hendur útgerðarmanni eða útgerðarfyrirtæki, sem skuldaskil fékk.

Bæði Landsbanki Íslands og Útvegsbanki Íslands h/f notfærðu sér heimild 26. gr. og kröfðu ábyrgðarmenn um greiðslu á eftirgjöfunum, og í nokkrum tilfellum munu útgerðarmennirnir sjálfir eða útgerðarfyrirtækin hafa greitt bönkunum eftirgjafirnar beint.

Verulegur hluti af eftirgjöfum bankanna var vegna skulda, sem tryggðar voru með ábyrgð. En í flestum tilfellum voru ábyrgðarmennirnir í tengslum við útgerðarmanninn eða útgerðarfyrirtækið og höfðu lífsviðurværi sitt af viðkomandi útgerð. Sérstaklega var þetta áberandi um eftirgjafir til útgerðarhlutafélaga, en skuldir þeirra voru venjulega tryggðar með ábyrgð félagsstjórnar eða annarra hluthafa, sem voru hinir raunverulegu útgerðarmenn og höfðu allt sitt framfæri af rekstri útgerðarfélagsins. Þegar eftirgjafirnar voru innheimtar hjá þessum ábyrgðarmönnum, var það sama og að innheimta þær hjá útgerðarfyrirtækinu sjálfu, og hjálp sú, sem skuldaskilin áttu að veita því, var þar með að engu eða litlu gerð.

Landssamband íslenzkra útvegsmanna kvartaði til ríkisstjórnarinnar yfir þessari framkvæmd bankanna, og varð það úr, að sjávarútvegsmálaráðherra skipaði nefnd 4. febr. 1957 til að athuga framkvæmd bankanna á skuldaskilum útvegsmanna og hvort talið yrði, að framkvæmdin hafi verið gagnstæð anda og tilgangi II. kafla laga nr. 120 frá 28. des. 1950.

Nefndin skilaði álit 11. febr. 1958. Segir þar, að af þeim kr. 5 289 159.19, sem samið var um að Landsbanki Íslands gæfi eftir, hafi hann afskrifað kr. 656 516.27, innheimt kr. 1 424 415.58, eigendur eða ábyrgðarmenn hafi tekið að sér að greiða kr. 1 144 997.73, en ófullnægjandi upplýsingar séu um kr. 2 063 229.61. Af þeim kr. 3 632 169.06, sem samið var um að Útvegsbanki Íslands h/f gæfi eftir, höfðu verið afskrifaðar kr. 1 373 793.72, innheimt kr. 854 270.55, eigendur og ábyrgðarmenn höfðu tekið að sér að greiða kr. 879 878.51, en óupplýst var um kr. 524 226.28.

Í lok nefndarálitsins segir: Það er álit nefndarinnar, að tilgangur laganna hafi verið að rétta við fjárhag bátaútgerðarinnar, sem á þessum tíma var illa kominn vegna skuldasoðfnunar, með því að lögbjóða eftirgjafir á hluta skulda hennar og veita auk þess lán úr skuldaskilaskjóði til greiðslu hluta þeirra, og á þann hátt skapa bátaútgerðinni rekstrarskilyrði.

Við undirbúning laganna virðist það sérstaka fyrirkomulag, sem algengt er hérlendis, að fjölskyldur myndi hlutafélag um útgerð, en taki persónulega ábyrgð á skuldum þeirra gagnvart bönkunum, ekki hafa verið athugað, hvorki af þeim, er undirbjuggu lögin, né af þingmönnum sjálfum.

Nefndin lítur svo á, að í þeim tilfellum, þar sem eftirgjöf til útgerðarfélaga var innheimt af bönkunum hjá ábyrgðarmönnum, sem voru eigendur og höfðu aðalafkomu sína af rekstri viðkomandi útgerðarfyrirtækis, sé ekki í samræmi við anda og tilgang skuldaskilaskjóðslaganna.

Þar eð rannsókn nefndarinnar hefur leitt í ljós, að Landsbanki Íslands og Útvegsbanki Íslands h/f hafa ekki nema að nokkrum hluta afskrifað umsamdar eftirgjafir og meginhluti þess, sem innheimt hefur verið eða innheimta á hjá ábyrgðarmönnum, er í reynd greiddur af sömu útgerðarfyrirtækjunum og eftirgjöfina áttu að fá, eru skuldaskilin í þessum tilfellum að verulegu leyti gerð gagnslaus. Þykir því rétt að leiðrétta þetta og þá á þann hátt, að afnumin verði heimild til að innheimta umsamdar eftirgjafir hjá ábyrgðarmönnum, og jafnframt sé heimilað að endurkrefja eftirgjafir, sem þegar hafa verið innheimtar og/eða vexti af skuldum, sem samið hafði verið um að gefa eftir.

Skýringar á einstökum greinum eru óþarfar.